



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Tíðniheimild Nova ehf.

**til notkunar fyrir farnetsþjónustu á
800 MHz tíðnisviðinu**

(Tíðniheimild C)

3. apríl 2013

Með vísan til IV. kafla laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, ákvæða reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna og með vísan til lok framkvæmdar uppboðs, sem haldið var á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) og lauk þann 13. mars sl., þar sem Nova ehf. átti hæsta boð í tíðniheimild C, hefur PFS ákveðið að Nova ehf. hafi heimild til notkunar á tíðnisviðinu 806-811/847-852 MHz fyrir háhraða farnetsþjónustu eins og það er nánar ákvarðað í tíðniheimild þessari. Til fyllingar tíðniheimild þessari eru skilmálar uppboðs á tíðniréttindum á 800 MHz og 1800 MHz tíðnisviðunum sem lágu til grundvallar framangreindu uppboði. Skilmálarnir voru birtir á heimasíðu PFS þann 17. desember 2012.

1 gr.

Úthlutun tíðna

Nova ehf., kt. 531205-0810, (hér eftir nefnt tíðniréttthafi) fær hér með heimild til notkunar á tíðnum fyrir háhraða farnetsþjónustu á 806-811/847-852 MHz tíðnisviðinu að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í heimild þessari.

Heimildin tekur til uppsetningar og starfrækslu radióstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita háhraða farnetsþjónustu.

Heimildin er ekki framseljanleg hvorki að hluta né í heild.

2. gr.

Krafa um útbreiðslu og uppbyggingu

Tíðniréttthafi skuldbindur sig til að tryggja að að 93,5% lögheimila og vinnustaða, með heilsárs starfsemi, á landinu öllu standi til boða 2 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2014, 10 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2016 og 30 Mb/s gagnaflutningshraði fyrir 31. desember 2020.

Til að mæla útbreiðslu þjónustunnar við lok hvers áfanga verða lögð til grundvallar skráð lögheimili miðað við 1. desember fyrra árs samkvæmt íbúaskrá sem gefin er út af Þjóðskrá Íslands og áætlun tíðniréttthafa, sbr. 3. gr. Varðandi staðsetningu lögheimila verður miðað við skráð íbúðarhúsnæði í staðfangaskrá Þjóðskrár Íslands. Tíðniréttthafi skal tilkynna PFS að tiltekið lögheimili eigi ekki við ef íbúi/íbúar hefur skráð aðsetur á öðrum stað, skv. Þjóðskrá Íslands.

3. gr.

Áætlun um uppbyggingu

Tíðniréttthafi skal skila inn áætlun fyrir uppbyggingu þremur mánuðum áður en honum ber skylda að hefja nýtingu tíðnisviðsins samkvæmt 5. gr. Skal áætlunin vera sundurliðuð með nákvæmri tímaáætlun og núverandi sem og fyrirhugað útbreiðslusvæði sýnt á myndrænan hátt.

4. gr.

Dagsektir vegna vanefnda

Á grundvelli 12. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, áskilur PFS sér rétt til að leggja dagsektir á tíðniréttthafa fyrir hver heil 5% sem upp á vantar til að uppfylla kröfu um útbreiðslu skv. 2. gr., að fjárhæð 100.000,- kr. þar til útbreiðslukröfu er náð. Fjárhæð dagsektar getur lækkað eftir því sem útbreiðsla eykst um hver heil 5%.

5. gr.

Nýting tíðnisviðsins

Tíðnisviðið skal notað fyrir háhraða farnetsþjónustu. Þjónustan skal vera í samræmi við staðla og skilgreiningar sem fram koma í gögnum frá ETSI (m.a. EN 301908-13, EN 301908-14, EN 301908-11), 3GPP (m.a. EN 301908-1) og gildandi skilyrði frá CEPT ásamt ESB tilskipun 2009/114/EC, sbr. ESB ákvörðun 2009/766/EC ásamt ákvarðanir 2010/267/EU og 2011/251/EU. Sjá einnig leiðbeinandi reglur ITU, ITU-R M.2135-1 varðandi gæðaviðmið IP þjónustu.

Notkun tíðna skal lúta gildandi úrskurðum og tilmælum sem sett eru á alþjóðavettvangi og PFS tekur mið af.

Nýting tíðnisviðsins skal vera skilvirk og hagkvæm. Skal tíðnirétthafi hefja notkun tíðnanna innan 18 mánaða frá útgáfu tíðniheimildar þessarar. Að öðrum kosti áskilur PFS sér rétt til að afturkalla tíðniheimildina án skaðabóta. Sama gildir ef þjónusta tíðnirétthafa er lögð niður lengur en 6 mánuði samfelld.

6. gr.

Lágmarkskröfur þjónustu

Sé tíðnisviðið notað fyrir UMTS/LTE þjónustu mun PFS beita viðurkenndum aðferðum sem almenn samstaða verður um innan CEPT við mælingar og mat á útbreiðslu. Hvað varðar UMTS/LTE þjónustu verður einkum stuðst við þær aðferðir sem skilgreindar eru í ECC skýrslu nr. 103 (Report 103), (UMTS COVERAGE MEASUREMENTS).

Við mælingar á útbreiðslusvæðum skal móttökustyrkurur í þéttbýli vera jafn eða meiri en -85 dBm og í dreifbýli skal móttökustyrkurur vera jafn eða meiri en -100 dBm.

Á strjálbýlum svæðum er, á svæðum fjarri sendum, ekki gerð krafa um að unnt sé að ná móttökustyrk samkvæmt þessari grein, og geta því notendur þjónustu tíðnirétthafa þurft aukinn búnað, t.a.m. loftnet með tiltekinni mögnun, til að ná lágmarks gæðaviðmiðum þjónustu samkvæmt 7. gr.

7. gr.

Gæðaviðmið þjónustu

Eftirfarandi tafla um lágmarks gæðaviðmið þjónustu skal gilda þar til innleiddar verða hérlandis skilgreindar lágmarkskröfur Evrópusambandsins um gæði háhraða farnetsþjónustu.

Lágmarks gæðaviðmið þjónustu			
	2 Mb/s	10 Mb/s	30 Mb/s
Íraði einhvern tíma sólarhrings	2 Mb/s	10 Mb/s	30 Mb/s
Meðalhraði á dag	750 Kb/s	3,85 Mb/s	11,3 Mb/s
Meðalhraði samfelld í 3 klst.	500 Kb/s	2,5 Mb/s	7,5 Mb/s

Þegar meðalhraði samfelld í 3 klst. er mældur skal mælt annars vegar á tímabilinu 09:00 – 12:00 og hins vegar á tímabilinu 19:00 – 22:00. Skilgreindur meðalhraði samfelld í 3 klst. skal nást innan beggja tímabila.

Þá skal jafnframt líta til leiðbeinandi reglna Norðmanna, „Guidelines for Internet neutrality“, sbr. fylgiskjal I. Skulu netnotendur eiga rétt á nettengingu með fyrirfram ákveðinni getu og gæðum.

Þá skulu þeir eiga rétt á nettengingu sem gerir þeim, eftir eðli máls, kleift að senda og móttaka efni að þeirra ósk, nota þjónustur og keyra forrit að eigin ósk sem og að tengja vélbúnað og nota þann hugbúnað sem þeir kjósa og skaðar ekki netið. Þá skulu netnotendur eiga rétt á nettengingu sem ekki gerir upp á milli mismunandi forrita (applications), þjónustu eða efnis eða mismunandi notendum eftir uppruna sendanda eða móttakanda.

8. gr.

Upplýsingagjöf

Í sambandi við veitingu leyfis vegna tækjabúnaðar og úthlutun á tíðnum, sbr. 1. gr., skal tíðnirétthafi í umsóknum sínum veita allar tæknilegar upplýsingar um tíðni, sendistyrk, loftnet (staðsetningu, hæð og tegund) o.s.frv., sem óskað er eftir.

9. gr.

Netbúnaður og truflanir

Sé tíðnisviðið notað fyrir UMTS/LTE þjónustu skal allur kerfisbúnaður vera í samræmi við UMTS/LTE staðla sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI birtir þá. Sé tíðnisviðið notað fyrir aðra tækni skal kerfisbúnaður vera í samræmi við hlutaðeigandi staðla.

Allur radióbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaður uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Tíðnirétthafi skal tryggja að búnaður á hans vegum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum. Ber honum að tilkynna PFS um truflanir sem honum eru kunnar, hvort sem þær eru af völdum hans nets eða á því. PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Tíðnirétthafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir mælum PFS um að bæta úr truflavanda sem stafar af búnaði hans. Tíðnirétthafi skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varðar truflanir innan farsímakerfis.

Í samræmi við kafla 3.2.5.5 í skilmálum uppboðs skal tíðnirétthafi, í fyrsta lagi að koma á, án tafar, samstarfi milli tíðnirétthafa á 800 MHz tíðnisviðinu sem miðar að samræmingu aðgerða til að koma í veg fyrir truflanir. Í öðru lagi skulu tíðnirétthafar tryggja að samræming milli tíðnirétthafa bjóði upp á sameiginlegan tengilið sem auðvelt er að nálgast, að minnsta kosti í gegnum síma, þar sem sjónvarpsáhorfendur sem verða fyrir hugsanlegum truflunum geti tilkynnt um þær. Í þriðja lagi skal skrá allar innkomnar tilkynningar um hugsanlegar truflanir. Í fjórða lagi skal um leið og slík tilkynning berst gera grein fyrir hvaða tíðnirétthafi orsakar truflunina og í framhaldinu skal hlutaðeigandi tíðnirétthafi kanna hvort um truflun sé að ræða og grípa til aðgerða til að hindra truflunina á ásættanlegan hátt án kostnaðar fyrir sjónvarpsáhorfanda. Í fimmta lagi skal slökkva strax á sendi sem orsakar truflun þar til lagfæringar hafa verið framkvæmdar.

PFS getur látið innsigla búnað, sem veldur skaðlegum truflunum eða bannað notkun hans, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur PFS afturkallað tíðniheimild þessa.

10. gr.

Notendabúnaður

Tíðnirétthafi skal hvorki beint né óbeint gera kröfur til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar stöðlum, sbr. 9. gr.

11. gr.

Fjarskiptavirki

Tíðnirétthafa er heimilt að setja upp fjarskiptavirki, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af fjarskiptanetum sínum án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning radióstöðva (móðurstöðva), sem nota tíðnir samkvæmd tíðniheimild þessari, er háð samþykki PFS. Tilkynna skal fyrirfram til PFS um uppsetningu radióstöðva og tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radióstöð, þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunar og sendistyrk. PFS áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir.

12. gr.

Skilyrði vegna útgeislunar og umhverfis

Tíðnirétthafi skal sjá til þess að rafsegulgeislun frá búnaði á vegum hans séu innan þeirra marka sem tilgreind eru í leiðbeiningum gefnum út af ICNIRP, um rafsegulgeislun eða í samræmum við viðmið sem eru í íslenskum reglum eða lögum.

Tíðnirétthafi skal sjá til þess að búnaður á vegum hans sé ekki settur upp eða rekinn á stað með þeim hætti sem veldur því að samanlögð rafsegulgeislun á þeim stað fari yfir þau mörk sem tilgreind eru með leiðbeiningum ICNIRP og eða eru sett í íslenskum reglum og lögum. Uppsetning og frágangur búnaðar tíðnirétthafa skal vera í samræmi við tilmæli Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU-K.52.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í tilmælum ICNIRP, reglum eða viðeigandi íslenskum stöðlum skal leyfishafi bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal sá leyfishafi sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu með því að tryggja að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu eða hætta notkun hans.

13. gr.

Eftirlit með tíðnirétthafa

Tíðnirétthafi sætir eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu PFS, eins og nánar er kveðið er á um í ákvæðum laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. PFS er enn fremur heimlit að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. sömu laga, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega, allt eftir ákvörðun PFS og innan þeirra tímamarka sem stofnunin setur.

Sem hluta af eftirliti með starfsemi tíðnirétthafa og fjárhagstöðu getur PFS krafist þess að hann afhendi stofnuninni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda síns og aðrar sambærilegar upplýsingar.

PFS getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækisins og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til þess að ætla að brotið hafi verið gegn lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti eða framangreindum lögum, nr. 69/2003, reglum eða einstökum ákvörðunum

stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga, nr. 88/2008, um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

Tíðnirétthafi skal láta PFS í té allar þær tölfraðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda notenda, stærð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. PFS getur í þessum tilgangi sent út spurningalista með reglulegu millibili og ber tíðnirétthafa að svara þeim innan þess tíma sem stofnunin ákveður.

Tíðnirétthafi skal tilkynna PFS ef breyting er gerð á nafni hans, heimilisfangi eða fyrirsvari.

14. gr.

Breyting á ákvæðum heimildarinnar

PFS skal heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari, sbr. 12. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti, þegar sérstaklega stendur á. Nýtt gjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum tíðnirétthafa samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

15. gr.

Afturköllun

PFS getur afturkallað heimild þessa ef tíðnirétthafi stendur ekki í skilum með greiðslu boðsfjár, rekstrargjalda eða annarra gjalda, er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða verður úrskurðaður gjaldþrota. Sama gildir ef tíðnirétthafi stendur ekki við skilyrði um útbreiðslu samkvæmt 2. gr., þau gæðaviðmið sem sett eru fram í 6. og 7. gr. eða kröfu um skilvirka nýtingu tíðnisviðsins samkvæmt 5. gr. tíðniheimildar þessarar. Þá getur stofnunin afturkallað réttindi samkvæmt tíðniheimild þessari í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. en ekki eingöngu vegna alþjóðlegra samþykktar sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði 73. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, um afturköllun og málsmeðferð vegna hennar.

16. gr.

Gildistími

Heimild þessi gildir í 10 ár, þ.e. frá útgáfudegi, 3. apríl 2013, til og með 2. apríl 2023.

Póst- og fjarskiptastofnun, 3. apríl 2013

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Þorleifur Jónasson

Fylgiskjal I

– *Leiðbeinandi reglur Norðmanna (e. Guidelines for Internet neutrality)*